

Tónfræði M2

Tónfræði M2 er ætluð nemendum sem stefna að miðprófi í tónfræðigreinum og hafa lokið Tónfræði M1. Hún felur í sér seinni hluta miðnáms í tónfræði. Nemendur þreyta að vori samræmt miðpróf Prófanevndar tónlistarskóla, sem er skilyrði fyrir því að fá afhent prófskírteini frá Prófanevnd tónlistarskóla fyrir miðpróf á hljóðfæri eða í söng. Æskilegt er að nemendur taki Tónfræði M2 samhliða Tónheyrn M2 og Hlustun og greiningu M2 og eru öll þrjú fögin skylda til miðprófs.

Námsefni:

Tónfræði III eftir Aagot V. Óskarsdóttur (6. og 7. hluti)-lesbók og verkefnahefti



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Tónfræði M2.

Tónfræði

Nótnaritun

Nemandi

- þekki og geti skráð í viðeigandi lykli stofntóna, hækkaða tóna, lækkaða tóna, tvíhækkaða tóna og tvílækkaða tóna á tónsviðinu C-c^{'''}.
- þekki öll áttundaheiti og hafi öðlast skilning á nótnaritun á ólíkum tónsviðum.
- kunni skil á staðsetningu nótna í framangreindum áttundum á hljómborði.
- hafi mjög gott vald á nótnaritun í G-lykli.
- hafi öðlast skilning á hlutverki lykla í nótnaritun.
- hafi náð góðum tókum á nótnaritun í F-lykli.
- hafi kynnst nótnaritun í C-lykli (alt og tenór).
- kunni skil á helstu ritreglum um bjálka.
- kunni skil á helstu ritreglum um þagnir.

Hrynur

Nemandi

- kunni skil á helstu lengdargildum nótna og þagna.
- þekki hugtakið alla breve og tákn þess.
- kunni skil á ólum.
- kunni skil á helstu ritreglum takttegundanna 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- hafi kynnst takttegundunum 2/8, 3/8, 4/8, 7/8, 9/8, 12/8, 5/4, 6/4, 9/4, 12/4, 2/2, 3/2 og 4/2.
- þekki muninn á einföldum og samsettum takttegundum.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- þekki uppbyggingu eftirtalinna gerða tónstiga: dúrtónstigi, hreinn, hljómhæfur og laghæfur molltónstigi, dórískur tónstigi, frýgískur tónstigi, lýdískur tónstigi, mixólýdískur tónstigi, pentatónískur tónstigi, heiltónatónstigi og krómatískur tónstigi.
- geti skráð og greint af blaði eftirtaldar gerðir tóntegunda: dúr, moll, dórísk, frýgísk, lýdísk og mixólýdísk tóntegund.
- kunni skil á rithætti krómatíks tónstiga.
- geti greint af blaði tóntegund tónverka í dúr og moll.
- þekki og skilji hugtökin samnefndar, samhljóða og sammarka tóntegundir í dúr og moll.
- þekki uppbyggingu fimmundahrings og hafi öðlast leikni í öllum dúr- og molltóntegundum.
- þekki eftirtalin hugtök: frumtónn, grunntónn, undirfortónn, fortónn og leiðsögutónn.
- hafi kynnst uppbyggingu og notkun kirkjutóntegunda.
- geti tónflutt stuttar laglínur í hvaða tóntegund sem er í G-lykli og F-lykli.

Tónbil

Nemandi

- geti greint á blaði og skráð á nótnastreng öll tónbil innan tólfundar.

Hljómar

Nemandi

- þekki eftirtalda hljóma og geti gert grein fyrir skyldleika þeirra: frumhljómur, undirforhljómur og forhljómur.
- kunnir skil á uppbyggingu dúr- og mollhljóma í grunnstöðu og hljómhvörfum, svo og minnkaðra og stækkaðra hljóma.
- þekki skráningu framantalinna hljóma með rómverskum tölum.
- geti skráð dúr- og mollhljóma frá hvaða tóni sem er í grunnstöðu og hljómhvörfum.

Orð og tákni

Nemandi

- skilji og geti beitt öllum helstu hugtökum og táknum sem lúta að tónstyrk.
- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum sem lúta að hraða: largo, larghetto, lento, grave, adagio, andante, andantino, moderato, allegretto, allegro, vivace, presto, ritardando, ritenuto, rallentando, allargando, accelerando, a tempo, rubato og tempo giusto.
- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökunum sem lúta að túlkun, affetuoso, agitato, amabile, animato, appassionato, brillante, calando, cantabile, capriccioso, con anima, con brio, con dolore, con fuoco, con moto, con spirito, dolce, doloroso, energico, furioso, giocoso, grazioso, maestoso, morendo, leggiero, marcato, espressivo, parlando, passionato, religioso, scherzando, semplice, smorzando, teneramente, tranquillo, vivo.
- skilji og geti beitt eftirtöldum hugtökum: a capella, a prima vista (a vista), ad libitum (ad lib.), arco, assai, attacca, coda, con (col), col legno, con sordino, da capo al segno, dal segno al fine, e, flageolet, fz (forzando, forzato), G.P. (Generalpause), m.d. (mano destra), m.s. (mano sinistra), ma, meno, mezza voce, molto, mosso, meno mosso, non, obbligato, ped., pizzicato (pizz), più, più mosso, poco, poco a poco, quasi, sempre, sfz (sforzando), sf (sforzato), secco, sopra, sordino, sotto, sotto voce, stretto, stringendo (string.), sostenuto, subito, simile, senza, solo, tacet, tanto, ma non tanto, troppo, ma non troppo, tutti, opus, unisono, vibrato, voce V.S.